

Bílablaðið

ÞRIÐJUDAGUR 6. júlí 2021

FRÉTTABLAÐIÐ

Mótorhjól í jakkafötum



MYND/ÞORMÓÐUR ÁKI NJÁLSSON

Cafe Racer hjól eru orðin svo vinsæl til breytinga að framleiðendur eru farnir að bjóða upp á þau beint frá verksmiðju. Eitt af þeim er Continental GT650 frá elsta mótorhjólaframleiðanda í heimi. Við prófuðum það á Suðurlandinu í sannkölluðu sumarveðri á dögnum. **6**



Einn vinsælasti bíllinn um þessar mundir er tengiltvinnútgáfa Wranglerjeppans sem nýlega kom á markað. **4**



Landsmót Fornbílaklúbbs Íslands var haldið á Hvolsvelli á dögnum og Bílablað Fréttablaðsins fór í heimsókn. **2**



Recharge er nýjasti tilraunabíll Volvo og sýnir okkur hvernig ný, rafdrifin kynslóð XC90 gæti lítið út. **2**

EXIDE
TECHNOLOGIES

EXIDE RAFGEYMAR LÉTTIR OG ÖRUGGIR

– til að allt verði í toppstandi í túrnum

Exide lithium rafgeymar fyrir mótorhjól eru léttir, endingargóðir og sterkbyggðir. Snöggir í endurhleðslu og þola vel að standa ónotaðir.



Ráðgjafar Olís og Rekstrarlands veita allar nánari upplýsingar í síma **515 1100** eða **pontun@olis.is**.

REKSTRARLAND

olís



Ingólfur í þann mund að setja hraðametið á brautinni á Batman-bílnum.
MYND: ELVA HRÖNN

Ingólfur setti hraðamet á Batman-bílnum

njall@frettabladid.is

Ingólfur Örn Arnarsson, formaður Kvartmíluklúbbsins, stóð heldur betur við stóru orðin um helgina, en hann hafði sagst ætla að reyna við 200 mílna múrinn. Hann náði á keppninni síðastliðinn laugar-dag að fara á Batman-bílnum kvartmíluna á 6,548 sek með endahraðann 200,75 mílur. Það gerir hvorki meira né minna en 323 km hraða á klukkustund sem er um leið hraðamet á brautinni. „Það er skemmtilegt að ná svona áföngum eins og þessum, en þetta var eitt af markmiðum

mínum,“ sagði Ingólfur í viðtali við Bílablaðið. „Næsta markmið liðsins er að fara 1/8 míluna á undir 4 sekúndum, en til þess að ná því þurfum við að fara aftur í 4:10 drif, en við settum stærra drif í bílinn til að ná 200 mílunum. Bíllinn sem Ingólfur notar er sérsmíðuð grind frá Miller Race Cars með 706 kúbiktommu Big Block Chevy vél sem er sérsmíðuð og skilar 1.700 hestöflum. „Hún snýst 7.800 snúninga og til gamans má geta þess að bíllinn fór í 78 mílur á einni sekúndu, en það eru 125 km á klukkustund,“ sagði Ingólfur að lokum. ■



Cayenne Turbo GT er aðeins 3,3 sekúndur í hundraðið.

Porsche Cayenne Turbo GT er 631 hestafl

njall@frettabladid.is

Porsche hefur frumsýnt nýjustu útgáfu Cayenne sem er Turbo GT módelið, en hann er öflugri útgáfa Cayenne Coupé Turbo, og er öflugasti sportjeppi Porsche sem einungis er búinn brunahreyfli. Bíllinn setti nýlega met á Nurburgring fyrir sportjeppa í framleiðslu en nýi tíminn var 7 mín. 38,9 sek. sem er meira en þremur sekúndum betri tími en Audi RS Q8 sem setti metið 2019. Cayenne Turbo GT er útlitslega talsvert öðruvísi en Coupé Turbo og miða breytingarnar flestar að hvernig hann klýfur vindinn. Komin er tvöföld vindskeið að aftan, sem er breiðari en áður, og stærri loftinntök að framan. Speglumgjörð og hluti af undirvagni er úr koltrefjum, en kominn er loftdreifari með miðjusettu písti. Hann er einnig á 22 tommu felgum sem eru breiðari en áður. Vélin er fjögurra lítra V8 og er 89 hestöflum

» **Porsche Cayenne Turbo GT setti nýlega met á Nurburgring fyrir sportjeppa í framleiðslu og bætti gamla metið um meira en þrjár sekúndur.**

öflugri en hefðbundin Turbo útgáfa. Hestöflin eru 631 og togíð 850 Newtonmetrar svo að bíllinn er aðeins 3,3 sekúndur í hundraðið, sem er 0,3 sekúndum betri tími en í Lamborghini Urus. Ólíklegt er að við sjáum svona bíl á götunum hérna þar sem að hann færi í mun hærri tollflokk en til dæmis Cayenne Turbo S E-Hybrid. ■



Búið er að skipta út hinu þekkta Volvo grilli fyrir skjaldarmerki en Þórshamarsljósín fá að halda sér.

Volvo kynnrir Recharge sem næstu kynslóð rafbíla

Volvo hefur kynnt til sögunnar stefnuyfirlýsingu sína varðandi rafbíla framtíðarinnar og miðpunkturinn í þeirri kynningu er frumsýning nýs tilraunabíls sem kallast Recharge.

njall@frettabladid.is

Hingað til hefur Volvo aðeins framleitt rafbíla sem byggja að miklu leyti á hefðbundnum bílum með brunahreyflum, en nú verður breyting á. Fyrsti rafbíllinn frá grunni verður nýr XC90 og hann fær ásamt öðrum alveg nýjan undirvagn og nýja hönnun. Þótt engar stærðartölur hafi verið birtar fer ekki á milli mála að bíllinn er í stærri kantinum og situr hátt, þótt byggingarlagið minni meira á langbak. Athyglisvert er að hjólahafið er mjög mikið og breiddin líka og eru dekkín mjög utarlega. Gólfíð mun

Innrétt-
ingin er alveg
ný hönnun og í
miðju hennar er
stór 15 tommu
upplýsinga-
skjár.



vera alveg flatt enda er rafhlaðan felld niður í grindina. Innanrými hefur einnig verið fullhannað í þessum tilraunabíl og því má vel ímynda sér að næsti XC90 muni líkjast þessum bíl talsvert. Volvo lýsir innanrýminu sem skandinavískri stofu þar sem er flatt gólf og innrétting úr endurvinnanlegum, náttúrulegum efnum. Í miðjustokki er stór, 15

tommu upplýsingaskjár sem er búinn næstu kynslóð upplýsingakerfis Volvo. Loks hefur Volvo hafið samstarf við sænska rafhlöðuframleiðandann Northvolt að þróa rafhlöðu sem geymir meiri orku en áður og mun geta haft allt að 1000 km drægi. Auk þess segir Volvo að hleðslutími þessarar næstu kynslóðar rafhlaða muni styttest um helming fyrir 2025. ■

Landsmót Fornbílaklúbbsins haldið í fyrsta skipti á Hvolsvelli

njall@frettabladid.is

Fornbílaklúbbur Íslands var stofnaður 1977 og er því 44 ára á þessu ári. Klúbburinn hefur alltaf verið mjög virkur og staðið fyrir sýningum og hópakstri á hverju ári. Einn af þessum viðburðum er Landsmótið, sem að þessu sinni var haldið á Hvolsvelli í blíðskaparveðri, helgina 25.–27. júní. Þar var vel mætt, bæði af gömlum bílum í eigu félagsmanna og af fólki á öllum aldri sem kom við til að skoða bílana. Bjarni Þorgilsson, formaður klúbbsins, var mjög ánægður með mótið. „Við erum hér í fyrsta skipti á Hvolsvelli og sú tilraun heppnaðist mjög vel, enda erum við hér bókstaflega við hliðina á Hringveginum. Sveitarfélagið vill allt fyrir okkur gera og við finnum fyrir miklum velvilja heimamanna svo við komum hingað örugglega aftur,“ sagði Bjarni. ■



Gunnar Már Gunnarsson stendur við uppáhaldið sitt, sem er Mercedes-Benz 280SE. Þessi bill var fluttur inn 1977 og einn af fyrstu alvöru Benz bílunum með V8 vél.



Kári Hafsteinsson situr í Bronco 1966 með 351 Windsor vél, en þessum bíl var breytt fyrir löngu til fjallaferða. Kári hefur nú breytt honum í þessa blæjuútgáfu sem tekið er eftir.

MYNDIR: ELVA HRÖNN



Hilmar Helgason mætti á þessum forláta Lincoln Continental 1979 sem fluttur var inn upp úr aldamótum. Það er allt stórt í þessum bíl, líka vélin sem er 400 kúbik-tommu V8 vél.



Range Rover 1985 með V8 vél aðeins ekinn 70.000 km. Eigandi er Gunnar Bergþór Pálsson, en fyrsti eigandi var Vigdís Finnbogadóttir og notaði hún hann í veiðiferðir.



Veldu Volkswagen Sjö frábærir tengiltvinnbílar fyrir þig



Veldu þinn uppáhalds tengiltvinnbíl á
www.hekla.is/volkswagensalur

Leiðin að núllinu
ZERO

Volkswagen býður breiða línu tengiltvinnbíla sem nota rafmagn og bensín sem afgang. Allir hafa þeir um 50 km. drægni eingöngu á rafmagni (skv WLTP) en þá tekur bensínvélin við. Alla sjö má fá hjá okkur og ættu allir að geta fundið stærðarflokk við hæfi. Tengiltvinnbíl er frábært fyrsta skref í átt að vistvænni framtíð. Taktu þátt í orkuskiptunum.

Golf eHybrid Style 5.590.000 kr. **Arteon eHybrid** 7.790.000 kr. **Tiguan eHybrid** 5.690.000 kr. **Passat GTE** 6.990.000 kr. (sérpöntun)
Golf GTE 6.390.000 kr. **Touareg eHybrid Elegance** 11.990.000 kr.

Fylgdu okkur!



@volkswagen

www.volkswagen.is



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílas Akranesi · Bílákjarninn Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum



Njáll Gunnlaugsson njall@frettabladid.is

Reynsluakstur

Jeep Wrangler Rubicon 4xe

KOSTIR

- Sameinar kosti jeppa og tengiltvinnbils
- Verð

GALLAR

- Rafhlaða endist stutt
- Stíf fjöðrun

Grunnverð: 9.490.000 kr.
Hestöfl: 375
Tog: 637 Nm
Hröðun 0-100 km: 6 sek.

Veghæð: 252 mm
Rafhlaða: 17 kWst
Eigin þyngd: 2.334 kg
Drægi á rafhlöðu: 40 km

Dráttargeta: 1.508 kg
L/B/H: 4.880/1.850/1.890 mm
Farangursrými: 548 lítrar



Kostir 4H Auto kerfisins eru augljósir á mól þar sem bíllinn er mjög rásfastur.

MYNDIR/TRYGGVI ÞORMÓÐSSON

Opnar jeppaöldina upp á nýtt aftur

Með tilkomu rafmagnsins hafa margir sagt að jeppinn muni deyja, en svo koma bílar eins og þessi sem opnar það upp á gátt.

Óhætt er að segja að nýjasta tengiltvinnbílum í íslensku bílaflórunni hafi verið vel tekið, en þegar þetta er skrifað eru 120 slíkir komnir til landsins á örfáum vikum. Bíllinn sem um ræðir og hér er til reynsluaksturs er Jeep Wrangler Rubicon 4xe sem er hreinræktaður jeppi, þótt hann komi hér með tækni nýrrar aldar í bílheiminum.

Betri þyngdardreifing

Það kemur skemmtilega á óvart hversu vel bíllinn liggur miðað við byggingarlag, en eflaust ræðst það af uppsetningu bílsins. Venjulega er þyngdin fram í, í öflugri útgáfum Wrangler eins og þessum, en þar sem vélin er aðeins fjögurra strokka og rafhlaðan undir aftursætum er þyngdardreifingin mun betri. Þetta hjálpar honum líka að sumu leyti þegar kemur að torfærum og hann stingur sér ekki eins mikið að framan. Á móti kemur að bíllinn er rúmum 200 kílóum þyngri vegna rafhlöðunnar og 2.334 kíló eru alls engin léttavara. Fyrir vikið er fjöðrun í stífari kantinum og bíllinn nokkuð hastur. Þyngd vegna rafhlöðu aftur í hefur einnig þau áhrif að fráfallshorn hans er einni gráðu minna. Í bílunum sem eru í boði hérna er millikassinn með 4H Auto stillingu sem er ekki að finna í amerikuútgáfunum. Fjór hjóladrifið kemur þá sjálfkrafa inn gerist þess þörf, sem getur verið þægilegt í akstri á mól eða í hálfu. Aflið er meira en nóg en þarf þó að stiga vel á bensingjöfina til að hann kippist af stað. Að sögn Jep á drægi á rafhlöðu að vera 40 km, sem er með því minnsta fyrir tengiltvinnbíl og hann er fljótur að klára hana, meira að segja með vélin á gangi.

Nýmóðins mætir gömlu

Að innan er bíllinn skemmtileg blanda flottheita eins og ísaumað leður og íhluta úr áli, á móti gamaldags hönnunar eins og hefðbundins mælaborðs og takka af öllum

stærðum og gerðum. Takinn fyrir driflæsingarnar er eldrauður og minnir meira á útskotstakkann í orustuflugvél. Upplýsingaskjárninn er ekki sá nýttiskulegasti en styður þó bæði Apple CarPlay og Google Android. Auðvelt er að venjast notkun á öllum búnaði ef undan eru skildir takkar fyrir rafmagnsrúður, sem eru í miðjustokki. Vel fer um farþega í framsætum í djúpum sætunum en þau eru kannski í stífari kantinum fyrir langkeyrslu. Aftur í er plássíð aðeins viðunandi eins og búast mátti við og hurðir í minni kantinum svo að amma fær framsætið. Rafhlaða tekur ekki mikið frá plássi farangursrýmis enda komið fyrir undir aftursæti, en það gleypir 548 lítra og ræður léttilega við stóra og ómeðfærilega hluti.

Á góðu verði

Fátt er um samkeppnisaðila þegar kemur að jeppaflokki og í þessari tengiltvinnútgáfu stendur hann sér á parti. Það er helst Land Rover Defender sem hægt er að bera hann saman við, en alóðýrasta útgáfa hans kostar 12.190.000 kr. Wrangler 4xe kostar frá 9.490.000 kr. og Launch Edition 10.490.000 kr. Þar er um vel búinn bíl að ræða með alvöru fjór hjóladrifi og driflæsingum, 8,4 tommu upplýsingaskjá með Apple CarPlay og Google Android, bakkmyndavél og skynjurum, Alpine hlóm-tækjum með átta hátölurum, díóðuljósapakka, leðurinnréttingu og svo mætti lengi telja. Því verður verðið að teljast mjög gott, en forvitnilegt verður að sjá hvað nýr Ford Bronco mun kosta þegar hann kemur hingað til lands. ■



Tveggja lítra vélin er minni um sig en forþjappa tekur sitt pláss.



Í Launch Edition útgáfunni má sjá ísaumað leður á stýri, hurðarspjöldum og handbremsu.



Þar sem rafhlöðu er vel fyrir komið undir aftursæti tekur hún ekki mikið pláss frá farangursrými, en þar má setja fyrirferðarmikla hluti.



Pláss í aftursætum er bara viðunandi fyrir fullorðna og ekki fyrir einhvern stírdan að klöngrast inn og út.

MIKIÐ ÚRVAL

AF VÖRUM AÐ FINNA Á BILANAUST.IS
OG Í VERSLUNUM OKKAR UM ALLT LAND



REIÐHJÓLAFESTINGAR



KROON OIL VÖRUR



KERRUR



FARANGURSBOX



RAFGEYMAR



BÓN- OG HREINSIVÖRUR



MOTIP VÖRUR



RAFMAGNS HLAUPAHJÓL



FERÐAVÖRUR

Bíla naust

Á FULLRI FERÐ

STÓRVERSLUN
BÍLD SHÖFÐA 12
110 REYKJAVÍK
S. 535 9000

Vatnagörðum 12
104 Reykjavík
S. 535 9000

Dalshrauni 17
220 Hafnarfirði
S. 555 4800

Hafnargötu 52
260 Reykjanesbæ
S. 421 7510

Hrísmýri 7
800 Selfossi
S. 482 4200

Furuvöllum 15
600 Akureyri
S. 535 9085

Sólvangi 5
700 Egilsstöðum
S. 471 1244

www.bilanaust.is



Njáll
Gunnlaugsson
njall
@frettabladid.is

Reynsluakstur

Continental GT650

KOSTIR
■ Þýður motor
■ Sex gira kassi

GALLAR
■ Kúplingsrofa vantar
■ Þunnt sæti

Grunnverð: 1.700.000 kr.
Vél: 648 rsm
Gírkassi: 6 gira

Hestöfl: 47
Tog: 52 Nm
Framfjöldrun: 110 mm

Afturfjöldrun: 88 mm
Hjólhaf: 1.400 mm
Sætishæð: 804 mm

Mótorhjól í jakkafötum

Segja má að sum mótorhjól séu komin í finu fötin og öðlist nú nýtt líf þegar nostalgían er komin í tisku.

Continental GT 650 er nýjasta mótorhjólið frá Royal Enfield. Royal Enfield eru mótorhjól af gamla skólanum enda er merkið elsta mótorhjólamerki heimsins í framleiðslu, en fyrsta mótorhjól þess kom á markað 1901. Þau eru nú framleidd í Indlandi og sum þeirra byggja á hönnun frá 1960. Því er þó ekki að heilsa með GT 650 mótorhjólið sem Bílablaðið hafði til reynsluaksturs á dögunum.

Þýðgengur motor
Ein fyrsta minning undirritaðs um gamalt mótorhjól er að heyra ganginn í Royal Enfield herhjóli, en það gekk hægaganginn eins og trilla, sprengdi einu sinni á hverri sekúndu. Þess vegna sperrtti maður eyrun þegar sett var fyrst í gang og þýður gangur tveggja strokka vélarinnar bærði á sér. Í raun og veru er þetta þýðasti tveggja strokka línumotor sem undirritaður hefur nokkru sinni prófað í mótorhjóli, svo mjúkur er hann. Hann er þó ekki laus við stæla því að djúpt og töff hljóð heyrst þegar gefið er inn. Þrátt fyrir beina innspýtingu er aflið ekki nema 47 hestöfl en 52 Nm togíð gefur hjólinu þann kraft sem það þarf til að viðbragðið verði þokkalegt. Líka munar um að gírkassinn er sex gira með blautkúplingu, svo að allar skiptingar verða auðveldar og þægilegar. Hjólið er í svokölluðum Cafe Racer stíl svo að fjöðrunin er í stífara lagi. Það eina sem dregur það niður aksturslega eru ekki nægilega öflugar bremsur, sérstaklega að framan, þar sem mætti vera annar diskur til.

Ekki fyrir langkeyrslu
Mælaborð hjólsins er í einfaldari kantinum, með hraðamæli og snúningshraðamæli ásamt einföldum, stafrænum bensínæli. Það er engum litaskjá eða USB tengi til að dreifa, enda hentar það ekki stíl hjólsins. Í hreinræktuðum Cafe Racer stíl er hjólið með svokölluðu klemmustýri sem boltast



Einfaldleikinn í fyrirrúmi með tveggja strokka motor og mælaborð aðeins með hraðamæli og snúningshraðamæli. MYNDIR/ELVA HRÖNN

beint á framdemparana báðum megin. Sem betur fer eru klemmurnar með upphækkunum svo að ásetan verði ekki mjög óþægileg til lengdar, en þetta er ekki eitt-hvað langkeyrsluhjól. Er það helst þunnur hnakkurinn sem að reynir á afturendann, en reyndar er hægt að velja um þykkari sæti kjósi menn svo. Þar sem engin er hlífín framan á hjólinu tekur ökumaður talsverðan vind á sig en auðvelt er að hnipra sig saman og klemma fætur utan um tankinn til að minnka loftmótstöðu. Þar sem sætishæðin er 804 mm er hjólið hentugt fyrir flesta þótt þeir sem eru lágvaxnir ættu eflast í vandræðum. Það er eitt varðandi notkun hjólsins sem undirrit-



Ásetan er nokkuð framhallandi en þó ekki þannig að maður þreytist of mikið í baki eða höndum.

» Í raun og veru er þetta þýðasti tveggja strokka línumotor sem undirritaður hefur nokkru sinni prófað í mótorhjóli. Hann er þó ekki laus við stæla því að djúpt og töff hljóð heyrst þegar gefið er inn.

aður hefði kosið að hafa varðandi öryggi hjólsins, en það er kúplingsrofi sem kemur í veg fyrir að hjólið starti í gír.

Verð í meðallagi
Samkvæmt heimasíðu Valla-brautar, sem er umboðsaðili Royal Enfield, er Continental GT hjólið frá 1.700.000 kr. og í þeirri útfærslu sem við reyndum kostar það 1.800.000 kr. Fyrirfram hefði maður búist við aðeins lægra verði frá Royal Enfield sem reyndar er orðinn þriðji stærsti mótorhjólaframleiðandi í heiminum. Til samanburðar kostar Kawasaki W800 Street frá 1.555.000 kr. og í sambærilegri Cafe útfærslu 1.799.000 kr. Suzuki SV650AX M1 er svo talsvert dýrara, frá 2.180.000 kr., og er þá samanburði á svipuðum hjólum fánlegum á Íslandi lokið. ■



Mickey Thompson Baja Boss
40X13.50R17



Mickey Thompson Baja Claw
19.5/46-16

MICKEY THOMPSON
M/T
JEPPADEKK

Þegar „kófinu“ slotar,
fara bílar að rúlla...
Við erum tilbúnir
með dekin!

Icetrack ehf 773-4334 mtdekk@mtdekk.is www.mtdekk.is



Það er auðvelt að leggja hjólið í beygjurnar og stíf fjöðrunin gerir það mjög stöðugt.



www.krokur.net
522 4600

Taktu Krók á leiðarenda

Krókur er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahliða þjónusta í meðhöndlun tjónabífreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:

- Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum



KRÓKUR
á þinni leið

Vesturhraun 5 210 Garðabær



Nýlegar njósnamyndir sýna bílinn sem fjögurra sæta blæjubíl en líkast til verður einnig Coupe útgáfa í boði.

Nýr sportbíll frá Benz í kortunum

njall@frettabladid.is

Mercedes-Benz mun að öllum líkindum koma með nýjan sport-bíl sem leysir SLC, C-línu og E-línu blæjubíla af hólmi. Mun nýja línan kallast CLE að sögn veftímaritsins Auto Express og koma á markað árið 2023.

» Líklegt er talið að CLE bíllinn verði byggður á MRA-2 undirvagninum.

Mercedes hefur þurft að gera sitt til að fækka módelum með tilkomu rafbíla, en flest voru þau í fyrra eða næstum 50 talsins. Samhliða þessum áætlunum um nýjan CLE mun Mercedes endurhanna SL-línuna með nýjum undirvagni hönnuðum af AMG. Líklegt er talið að CLE bíllinn verði byggður á sama MRA-2 undirvagni og ný S-lína. Það þýðir að hann getur notað fjögurra og sex strokka vélar, eins og sex strokka línuvélina með forþjöppu úr S-línunni, en hún er með 48 volta tvinntækni. ■



Svona gæti næsta kynslóð Nissan Leaf lítið út sem blendingsbíl.

Næsta kynslóð Nissan Leaf smíðuð í Bretlandi

njall@frettabladid.is

Að sögn veftímaritsins Auto Express verður næsta kynslóð Nissan Leaf rafbílsins smíðuð í nýrri verksmiðju Nissan í Sunderland í Bretlandi. Auk þess verður í næsta nágrenni sett upp ný verksmiðja fyrir framleiðslu bílaraflaða sem framleitt getur 100.000 rafhlöður á ári.

» Nýjar verksmiðjur Nissan í Bretlandi munu framleiða 100.000 rafbíla ár hvert.

Áætlað er að þessar verksmiðjur hefji framleiðslu árið 2024 með nýjum blendingsrafbíl Nissan, en það er einmitt tíminn sem áætlaður er fyrir næstu kynslóð Nissan Leaf. Boris Johnson, forsætisráðherra Bretlands, lýsti samkomulaginu sem mjög mikilvægu í rafbíla-byltingunni. Ásamt þessu mun Sunderland-borg nota rafhlöður úr gömlum rafbílum til að búa til orkubanka sem mun safna rafmagni til að nota fyrir aukaálág. ■

Lögreglan á Ísafirði fær Ford Ranger Raptor

njall@frettabladid.is

Maður les venjulega um það erlendis frá að lögreglan fái alvöru tæki til afnota, en nú á dögum fékk lögreglan á Ísafirði afhentan Ford Ranger Raptor pallbíl. Slíkir bílar þykja öflugir, eru 213 hestöfl og sérsmiðaðir til átaka. Að sögn Hlyns Snorrasonar, yfir lögregluþjóns á Ísafirði, er þetta bíll sem tekur við af Toyota Land Cruiser jeppa sem notaður hefur



Lögreglubíllinn á Ísafirði er ekki af verri endanum en Ford Ranger Raptor er þekktur fyrir góða fjöðrun. MYND/INGVAR JAKOBSSON

verið síðan 2006. „Okkur langaði alltaf að prófa að vera með pallbíl og þar sem þessir bílar þykja öflugir og með góða fjöðrun fannst okkur hann henta vel og vera góður fyrir mannskapinn.“ Bíllinn er breyttur af Rafsölum á Siglufirði og er meðal annars með útdraganlegri skúffu fyrir allan útbúnað. Bíllinn er þegar kominn til vinnu fyrir vestan og verður því eflaust vel sýnilegur í sumar. ■

Bakað af alúð

Náttúruleg hráefni og án rotvarnarefna